# Umbótaáætlun eftir ytra mat, innra mat og starfsmannasamtöl 2022-2024

Litakóði

| Hvað | Litur |
|---|---|
| Ytra mat | |
| Mikil áhætta | |
| Meðal áhætta | |
| Tækifæri | |

| **Matsþáttur** | **Tækifæri til umbóta (hvað)** | **Tillögur skóla að umbótum (hvernig - innleiðing)** | **Hver vinnur/ Ábyrgðaraðili** | **Upphaf/ lok** | **Mat** | **Staða og lok verkefna** |
|---|---|---|---|---|---|---|
| ***Þáttur 1 Stjórnun og skipulag*** | | | | | | |
| **Stefna skólans** | Mikilvægt er að áform um markvissa endurskoðun á stefnu og framtíðarsýn skólans verði að veruleika með það að leiðarljósi að skerpa enn betur á samhengi stefnu og starfshátta á öllum sviðum skólastarfsins. | Vinnufundur með hagaðilum til að móta stefnu. Unnið áfram úr þeim niðurstöðum eftir vinnufund og ný stefna kynnt, sett í samþykktarferli og innleidd. | Skólameistari | 2022-2024 | Uppfærsla á texta á heimasíðu. | |
| **Stefnumótun** | Tryggja sem best aðkomu starfsfólks, nemenda, forráðafólks og eftir atvikum annarra haghafa að stefnumótun skólans. | Boða hagaðila til vinnu að stefnumótun. Hagaðilar einnig boðaðir á skólafund að vori þar sem stefnur eru lagðar fyrir fundi. | Skólameistari | Skólaárið 2022-2023 | Fjöldi haghafa sem kemur að vinnu við stefnu-mótun talinn | |
| **Stefnumótun og aðgerðaráætlanir** | Fylgja stefnumiðum skólans í tilteknum málaflokkum betur eftir með markvissum áætlunum varðandi innleiðingu (innleiðingaráætlun), árangursviðmiðum og mati á framvindu og/eða stöðu mála. | Fara yfir stefnur skólans og tryggja að aðgerðar áætlanir (hvað)/innleiðingaráætlanir (hvernig) fylgi öllum stefnum.<br>Framkvæma mælingar þar sem það á við. | Skólameistari<br>Mannauðsstjóri | Skólaárið 2022-2023 | Meta framvindu verkefna á vorin í tengslum við ársskýrslur | |

| Matsþáttur | Tækifæri til umbóta (hvað) | Tillögur skóla að umbótum (hvernig - innleiðing) | Hver vinnur/ Ábyrgðaraðili | Upphaf/ lok | Mat | Staða og lok verkefna |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Skólareglur og viðurlög** | Samræma texta um viðurlög við brotum á reglum skólans og orða málsmeðferð með skýrum hætti, m.a. með hliðsjón af ólögráða nemendum og stjórnsýslulögum, og gera upplýsingar þar að lútandi aðgengilegri á heimasíðu skólans. Jafnframt er mikilvægt að tilgreina með skýrum hætti þá verkferla sem gilda við beitingu þeirra og kanna með markvissum hætti hvort unnið sé samkvæmt þeim. | Endurskoða reglur skólans og gera sýnilegri á heimasíðu hans.<br>Rýna meðferð þeirra mála sem upp hafa komið 1x á ári til að bæta verkferla. | Skólameistari og áfangastjóri | Skólaárið 2022-2023 | Yfirfarið í lok skólaárs. | |
| **Skólafundir og skólaráð** | Fastsetja skólafundi og fundi í skólaráði og nýta þá með markvissari hætti til umræðu og ákvarðanatöku. | Boða skólafundi í byrjun seinni vorspannar. Boða skal alla haghafa. Boða skólaráð 2x á ári til fundar, í september og mars. Oftar ef þörf er á. | Skólameistari | Vor 2023<br>Til framtíðar | Árleg fram-kvæmd | |
| **Innra mat** | Leggja ríkari áherslu á að skilgreina skýr matsviðmið þar sem það á við og gera grein fyrir matsniðurstöðum með hliðsjón af þeim. | Útbúa lykil matsþætti (KPI´s) og tengja við gildi skólans. Matsþættir eru metnir árlega og bornir saman við fyrri árangur. Úrbætur gerðar ef þróun er niður á við. | Verkefnisstjóri Innra mats mannauðsstjóri | 2022<br>Til framtíðar | Skólapúls<br>Starfsmanna púls<br>Stofnun ársins<br>Aðrar kannanir ME | |
| **Innra mat og umbótaáætlun** | Nýta betur til umbóta þau matsgögn sem veita upplýsingar um náms- og kennsluhætti og árangur nemenda. | Vinna úr niðurstöðum áfangamats og stuðla að virku samtali meðal kennara um náms- og kennsluhætti eftir fyrirlögn.<br><br>Tölfræðigögn tekin úr Innu. Ákveða | Verkefnisstjóri Innra mats | 2022 til 2024 (og jafnvel til framtíðar)<br>Tölfræði | Áfangamat<br>Þróun þess | |

| Matsþáttur | Tækifæri til umbóta (hvað) | Tillögur skóla að umbótum (hvernig - innleiðing) | Hver vinnur/ Ábyrgðaraðili | Upphaf/ lok | Mat | Staða og lok verkefna |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | hvaða þættir þetta eru og birta á heimasíðu (lykilmatsþættir) | | unnin úr Innu | | |
| **Umbótaáætlun** | Umbótaáætlun taki í auknu mæli mið af kjarnastarfsemi skólans þ.e. námi og kennslu. | Fjölgun náms og kennslutengdra umbóta (voru 7 en ekki 2 eins og kom fram í skýrslu). Lágmark 5 atriði í umbótaáætlun árlega | Mannauðsstjóri | 2022 Til framtíðar | Fjöldi umbótaverkefna um nám og kennslu árlega talin. | |
| **Umbótaáætlun** | Skilgreina með markvissari hætti ábyrgðaraðila með umbótaverkefnum, skrá niðurstöður fyrri mælinga séu þær fyrirliggjandi og skilgreina mælanleg árangursviðmið til skemmri/ lengri tíma þar sem það á við. | Innra matsnefnd fer yfir í lok skólaárs stöðu umbóta sem snúa að þeim mælingum sem gerðar hafa verið. Lagðar línur fyrir framhaldið ef á þarf að halda.<br>Lykilmatsþættir (sjá fyrri lið)metnir á sama fundi og sett markmið um framhald. | Verkefnisstjóri innra mats mannauðsstjóri | 2022 til framtíðar | Staða lykilmatsþátta tekin (KPI´s) Stöðufundur haldinn árlega, fundagerð rituð. | |
| **Forvarnarstefna** | Uppfæra forvarnarstefnu sem er orðin gömul | Búa til hóp sem fer yfir forvarnarstefnu og kemur með tillögur til bóta. Bæta við aðgerðaráætlun við forvarnarstefnu ME.<br>Stefnan svo lögð fram í samþykktarferli á skólafundi | Skólameistari Verkefnisstjóri heilsueflingar og skólabrags | 2022-2024 | Uppfærsla á texta á heimasíðu | |
| **Jafnlaunakerfi** | Einföldun jafnlaunakerfis með það fyrir augum að minnka vinnu í tengslum við það. | Sameina það sem hægt er að sameina, einfalda verkferla ef hægt er. Leita að tímasparandi þáttum. | Mannauðsstjóri | 2022-2024 | Fjöldi klukku-stunda sem fara í uppfærslu kerfis á ári metinn. | |
| **Jafnrétti** | Jafna hlutfall kynjanna innan stofnunarinnar | Eins og kostur er, huga að jöfnun kynjahlutfalls í stofnuninni þar sem mikill meirihluti starfsmanna er kvk. | Mannauðsstjóri | 2022-2024 | Hlutfall kynjanna borið saman | |

| Matsþáttur | Tækifæri til umbóta (hvað) | Tillögur skóla að umbótum (hvernig - innleiðing) | Hver vinnur/ Ábyrgðaraðili | Upphaf/ lok | Mat | Staða og lok verkefna |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | Farið verði engu að síður að lögum og reglum um ráðningar í einu og öllu | | | ár frá ári í launaúttekt | |
| **Persónuvernd** | Innleiðing og áhættumat | Klára innleiðingu persónuverndarlaga. Uppfæra og klára vinnsluskrá og framkvæma áhættumat persónuverndar. | Skólameistari Persónuverndar -fulltrúi Mannauðsstjóri | 2022-2023 | Lokið/ Ólokið | Langt komið haustið 2022 |
| **Skjalamál** | Skjalalykill og handbók endurspegla ekki að öllu leiti raunveruleikann | Uppfæra skjalalykil og handbók svo hún endurspegli raunveruleikann Bæta skjalastefnu i skjalalykil | Skjalastjóri | 2022-2023 | Réttur skjalalykill og handbók | |
| **Námskeið fyrir almenna starfsmenn** | Bjóða upp á námskeið eftir þörfum almennra starfsmanna | Bjóða upp á námskeið eftir þarfagreiningu almennra starfsmanna | Mannauðsstjóri | 2022-2024 | Fjöldi námskeiða fyrir almenna starfsmenn | |
| **Umhverfismál - Flokkun** | Bæta flokkun sorps enn frekar hjá stofnuninni | Halda flokkunarmálum áfram á lofti og bæta upplýsingar og leiðbeiningar um hvernig á að flokka.<br>Klára innleiðingu flokkunar á heimavist.<br><br>Endur nýting höfð til hliðsjónar við kaup húsmuna og húsgagna í stofunni.<br>Umhverfismálin eru gerð meira áberandi í virðingarviku. | Verkefnisstjóri umhverfis. | 2022-2024 | Minna óflokkað sorp frá stofnuninni (mv. grænt bókhald) | |
| ***Þáttur 2 Kennsla og námsframboð*** | | | | | | |
| **Námskrá** | Skoða markvisst hvort áherslur í kennslu og námsmati séu í samræmi við hæfniviðmið námskrár og/eða þrepaviðmið aðalnámskrár. | Áfangastjóri velur áfanga og kennara til að yfirfara og rýna áfanga með það fyrir augum að samræma kennsluáætlanir og námsmat við námskrárgrunn. Teknir skulu fyrir 6- | Áfangastjóri | Vor 2022 Stöðugt umbótaferli | Merkt við endurskoða ða áfanga. | |

| Matsþáttur | Tækifæri til umbóta (hvað) | Tillögur skóla að umbótum (hvernig - innleiðing) | Hver vinnur/ Ábyrgðaraðili | Upphaf/ lok | Mat | Staða og lok verkefna |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 10 áfangar á ári.<br>Haldið utan um í þar til gerðu skjali. | | | | |
| **Leiðsagnarnám** | Meta áhrif innleiðingar leiðsagnarnáms á starfshætti kennara og nám/árangur nemenda. | Umræður og mat á fundum kennslustjóra með greinakennurum.<br><br>Innra mat leggur fyrir spurningakönnun<br><br>Meta breytingar sem orðið hafa á fjölda prófa og auknu símati. | Kennslustjórar<br>Innra mat<br>Skólameistari/ áfangastjóri | Haust 2022<br>Framkv. annað hvert ár. | Könnun og greinagerð/ fundagerðir | |
| **Þróunarverkefni** | Efla formlega eftirfylgd með þróunarverkefnum. | Leggja fyrir aðra könnun til samanburðar upphafskönnun til að meta áhrif grunnþátta í kennslu.<br><br>Stöðuskýrsla einu sinni á ári og ákvörðun um framhald | Kennslustjóri fjarnáms | Skólaárið 2022-2023 (og við lok þróunar verkefna) | Niðurstöður kannana bornar saman. Stöðuskýrslu r rýndar | |
| **Kennsla og kennsluhættir** | Auka enn frekar fjölbreytni í kennslu- og námsháttum m.a. með verklegum æfingum í raungreinum, rökræðum/skipulegum umræðum í kennslustundum og samvinnu nemenda, einkum í fjarnámi. | Bæta við tólum og tækjum til verklegrar kennslu skv. greinagerð brauta<br><br>Umræður á kennarafundi um samvinnu nemenda og kennsluhætti<br><br>Hvetja til verklegra æfinga á náttúrufræðibraut í samstarfi við brautastjóra | Brautastjórar<br>Skólameistari<br>Kennslustjóri fjarnáms | 2022-2024 | Mat á því hvort tæki og tól séu fullnægjandi<br><br>Leggja fyrir könnun vegna samvinnu nemenda | |
| **Námsframboð á framhaldsskóla-braut og starfsbraut** | Auka fjölbreytni viðfangsefna á framhaldsskólabraut 1. | Setja saman hóp til að finna fleiri úrræði fyrir nemendur á framhaldsskólabraut 1 og þá nemendur starfsbrautar sem þurfa meiri fjölbreytileika. | Áfangastjóri | 2022-2024 | Breyting á áfangaframb oði | |

| Matsþáttur | Tækifæri til umbóta (hvað) | Tillögur skóla að umbótum (hvernig - innleiðing) | Hver vinnur/ Ábyrgðaraðili | Upphaf/ lok | Mat | Staða og lok verkefna |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Móttökuáætlun nemenda af erlendum uppruna** | Meta móttökuáætlun nemenda með annað móðurmál en íslensku og þróa í ljósi reynslunnar. | Nemendaþjónusta skólans hittist 11 nóvember til að meta móttökuáætlun og vinna áfram með þetta. | Nemenda-þjónusta | 2022-2023 | Birting á heimasíðu | |
| **Umhverfismál - Grænfáninn** | Innleiða Grænfánaverkefnið í samstarfi við Landvernd til að auka þátt umhverfis og umhverfisverndar í námi nemenda | Innleiða verkefnið eftir leiðbeiningum Landverndar.<br>Fræða starfsmenn og nemendur um verkefnið | Verkefnastjóri umhverfismála | 2022 Áframhaldandi | Umhverfis-nefnd leggur mat á framgang út frá gátlistum | |
| **Fornám Iðnbrauta** | Bjóða upp á fornám fyrir iðnbrautir | Halda áfram undirbúningi fyrir þetta verkefni með samskiptum við ráðuneyti.<br>Auglýsa eftir verkefnastjóra og hefja kennslu haustið 2023 ef fjármagn fæst til verkefnisins. | Skólameistari | 2021-2024 | Aukið náms-framboð og brautaframboð í ME | |
| **Náms og starfsráðgjöf** | Að tryggja að sem flestir nemendur ME fari sem öruggastir og vel undirbúnir í frekara nám eða störf. | Að móta heildræna stefnu í náms- og starfsráðgjöf fyrir nemendur ME til að tryggja aðgengi þeirra að mikilvægum upplýsingum er varða náms-og starfsferilinn til að tryggja markvissari og öruggari skref í nám og nám og störf utan ME. Hluti af þeim skrefum er að koma upplýsingunum nær nemendum með að setja upp áfanga á CANVAS í a) tímastjórnun og námstækni, b) lesblindu og lestrarerfiðleikum og c) nám og störf eftir ME. | Náms og starfsráðgjafi<br>Nemenda þjónusta<br>Rýnihópur nemenda | 2022-2023 | Færri nemendur sem koma aftur inn í framhaldsskólakerfið því þeir ná ekki inntökuskilyrðum í fyrirhugaðar námsleiðir. | |
| **Tímastjórnun og námstækni** | Að nemendur geti eflt sig í tímastjórnun og námstækni á sínum tíma og forsendum. | Setja upp áfanga á CANVAS þar sem nemendur geta aflað sér upplýsinga, mátað sig við og valið leiðir sem henta. Allir nemendur geta skráð sig í | Náms og starfsráðgjafi<br>Nemenda-þjónusta | 2022-2023 | Með reglulegri endurskoðun og e.t.v. | |

| Matsþáttur | Tækifæri til umbóta (hvað) | Tillögur skóla að umbótum (hvernig - innleiðing) | Hver vinnur/ Ábyrgðaraðili | Upphaf/ lok | Mat | Staða og lok verkefna |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | áfangann og geta þau sem vilja fengið einingu fyrir að ljúka öllum verkefnum. | | | áfangamati. | |
| **Lesblinda og lestrarerfiðleikar** | Að nemendur með lesblindu fái tækifæri til að fræðast um lesblindu og tæknimöguleika sem hægt er að nýta til gagns í námi og daglegu lífi, á sínum tíma og eigin forsendum. | Setja upp áfanga á CANVAS sem miðar að því að fræða um lesblindu, orsakir, einkenni og mögulegar leiðir, m.a. tæknilausnir sem hægt er að nýta til valdeflingar og betri námsáranguurs. Allir nemendur með lestrarörðugleika geta skráð sig í áfangann og geta þau sem vilja fengið einingu fyrir að ljúka öllum verkefnum. | Náms og starfsráðgjafi Nemenda-þjónusta | 2022-2023 | Með reglulegri endur-skoðun og e.t.v. áfangamati. | |
| **Náms og starfsferill nemenda að ME loknum** | Að hámarka líkurnar á að sem flestir nemendur ME séu sem best í stakk búin til að taka skrefin út í lífið eftir nám í ME, viti hvert stefnan liggur og uppfylli þau skilyrði sem þau þurfa fyrir frekara nám. | sem heldur utan um um námsefni og upplýsingar sem snúa að áhugasviðum, styrkleikum, ákvörðunartöku, framboði á námsleiðum að ME loknum hérlendis sem og erlendis, inntökuviðmiðum háskólanna, upplýsingar um vinnumarkaðinn, náms- og starfsumsóknir, ferilskrárgerð, hvatabréf, ferilmöppu o.fl. Markmiðið er að þau geti aflað sér þessara upplýsinga á skýran og aðgengilegan hátt, á eigin forsendum og tíma, og mátað sig við og valið leiðir sem hentar hverju og einu. Allir nemendur sem stefna á námslok á brautum ME innan árs hafa tækifæri til skrá sig í áfangann þegar þau kjósa og geta þau sem vilja fengið einingu fyrir að klára öll verkefni áfangans. | Náms og starfsráðgjafi Nemenda-þjónusta | 2022-2023 | Með reglulegri endurskoðun og e.t.v. áfangamati. | |
| | | | | | | |

| Matsþáttur | Tækifæri til umbóta (hvað) | Tillögur skóla að umbótum (hvernig - innleiðing) | Hver vinnur/ Ábyrgðaraðili | Upphaf/ lok | Mat | Staða og lok verkefna |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Grunnþættir menntunar** | Grunnþættir menntunar í ME verði gerðir meira sýnilegir í skólastarfinu og mælanlegri | Halda áfram þróunarverkefni um grunnþætti menntunar.<br>Auka fræðslu og upprifjun um grunnþætti menntunar<br>Stuðla að umræðum á kennarafundum um grunnþættina og deila reynslu milli kennara | Kennslustjóri fjarnáms | 2021-2023 | Tilraunir í mælingum á grunnþáttum menntunar og sýnileika þeirra í skólastarfinu. | Lagt fyrir könnun í upphaf verkefnis. Könnun lögð fyrir aftur í lok verkefnis. |
| ***Þáttur 3 Samskipti og líðan*** | | | | | | |
| **Einelti og samskipti stúlkna** | Taka öllum vísbendingum um vanlíðan og einelti á meðal nemenda alvarlega. Vert er að huga sérstaklega að líðan og samskiptum stúlkna. | Endurskoðun á stefnu, viðbragðsáætlun og forvörnum gegn einelti og ofbeldi<br><br>Námskeið og viðburðir á vegum skólans fyrir markhópinn<br><br>Halda atvikaskrá um samskipta/ ágreinings mála | Skólameistari Nemenda-þjónusta | Haust 2022 Engin lok (áfram hald) | Mælingar á líðan í skólapúlsi Ásamt tíðni eineltis Fylgst með atvikaskrá | Endurskoðun stefnu og viðbragðsáætlun langt komin h22 |
| **Aðgengi að kennslu-áætlunum** | Leita leiða til að bæta aðgengi foreldra ólögráða nemenda að kennsluáætlunum. | Skoða möguleika á að hafa kennsluáætlanir aðgengilegar fyrir foreldra í Innu.<br><br>Fræða foreldra um hvernig þeir nálgast kennsluáætlanir (heimasíða, fréttabréf) | Áfangastjóri | 2022-2024 | Birting á heimasíðu eða Innu | |
| **Skráninga á tengslum við háskóla** | Virk tengsl við háskólastig um nám nemenda hafa ekki verið skráð. | Skrá tengsl við háskóla á heimasíðu ME<br>(Háskólakynningar í ME, heimsóknir í HA, samstarf við Austurbrú um UHI) | Nemenda-þjónusta | Vor 2023 Uppfært árlega | Upplýsingum bætt á heimasíðu | |
| **Skólabragur** | Stuðla að bættum skólabrag, liðsheild og líðan nemenda. | Samvinna skólabrags- og heilsueflingarnefndar og | Heilsueflingar- og | 2021-2023 | Ánægja nemenda | |

| Matsþáttur | Tækifæri til umbóta (hvað) | Tillögur skóla að umbótum (hvernig - innleiðing) | Hver vinnur/ Ábyrgðaraðili | Upphaf/ lok | Mat | Staða og lok verkefna |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | nemendaráðs til að stuðla að auknum sýnileika skólans út á við og auka á helgun ólíkra nemendahópa við skólann sinn. | skólabragsnefnd ásamt aðkomu sem flestra starfsmanna | | með skólabrag í nemendakönnun/skólapúlsi | |
| **Ánægja og líðan starfsmanna – Einelti** | Auka ánægju meðal starfsmanna og koma í veg fyrir einelti á vinnustað | Fylgja eftir eineltisáætlun skólans með reglubundnu innleggi til starfsmanna skólans og forvarnir gegn einelti.<br><br>Framkvæma 1x á ári félagslegt áhættumat í stofnuninni og bregðast við því ef þarf.<br><br>Stuðla að virku félagslífi starfsmanna með beinni aðkomu skóla. Stuðningur frá mannauðsstjóra við skipulagningu viðburða ásamt mótframlagi til Búbótar starfsmannafélags skólans. | Skólameistari Mannauðsstjóri Stjórn Búbótar | 2019 Áframhaldandi | Mæling á tíðni eineltis meðal starfsmanna í Starfsmannakönnunum.<br><br>Mæling á starfsánægju | |
| **Samstarf nýliða** | Bæta samstarf nýliða og aðstoða við að efla sig í starfi | Vera með nýliðakaffi 1x í mánuði þar sem farið er yfir það sem vel er gert, spjallað um hvað má betur fara og ýtt undir jafningjastuðning. Liður skref í að stuðla að öflugra lærdómssamfélagi í ME | Mannauðsstjóri | 2021-2023 | Rýna verkefnið og hvort það auki samstarf meðal nýliða | |
| ***Þáttur 4 Húsnæði og aðbúnaður*** | | | | | | |
| **Viðtalsherbergi** | Rými/viðtalsherbergi vantar fyrir kennara þar sem hægt er að eiga samtöl í meira næði. | Bæta við bókanlegum herbergjum í Outlook til viðtala (herbergi við bókasafn, viðtalsherbergi í heimavistarhús) | Skólameistari Kerfisstjóri | Haust 2022 Áframhald eftir | Fjöldi bókanlegra rýma metinn | |

| Matsþáttur | Tækifæri til umbóta (hvað) | Tillögur skóla að umbótum (hvernig - innleiðing) | Hver vinnur/ Ábyrgðaraðili | Upphaf/ lok | Mat | Staða og lok verkefna |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | Hafa skrifstofur ólæstar svo þær séu betur nýtanlegar til viðtala þegar þær eru lausar | | þörfum | | |
| **Húsgögn** | Endurnýjun á húsgögnum í vinnustofum nemenda og á skrifstofu nemendaráðs. | Funda með nemendaráði vegna mögulegrar endurnýjunar á húsgögnum<br><br>Vinnustofur nemenda í áframhaldandi endurnýjun | Skólameistari nemendaráð | 2022-2023 | Sýnilegar breytingar | |
| **Búnaður í stofum** | Endurnýjun á búnaði til verklegrar raungreinakennslu, einkum í efnafræði og líffræði. | Þarfagreining vegna raungreinakennslu<br>Samstarf við ríkiseignir vegna endurbóta | Skólameistari<br>Brautarstjóri náttúrufræðibrautar | 2022-2023 | Sýnilegar breytingar á húsnæði | |
| **Loftræsing í heimavistarhúsi** | Bæta loftræsti mál í heimavistarhúsi, sér í lagi útsog. | Bæta loftræsingu í anddyri/kennslustofugangi og í matssal/eldhúsi. Hreinsun á kerfinu. | Húsvörður | 2022-2023 | | |
| **Loftræsti kerfi kennsluhúsi** | Bæta loftgæði í vinnurými kennara í kennsluhúsi. | Hreinsa loftræsti kerfi í kennsluhúsi<br>Hvetja til að opnað sé oftar glugga í vinnurými kennara (og lokað aftur) | Húsvörður | 2022-2023 | | |
| **Lýsing** | Bæta lýsingu húsnæða að innan og utan | Lýsa upp skólann að utan og klára að skipta út flúorperum í skólanum fyrir LED | Húsvörður<br>Skólameistari | 2020-2024 | Hlutfall pera með flúorlýsingu á móti LED lýsingu. | |
| **Skjáir** | Skjáir eru ekki með glampa-fríu yfirborði að öllu leiti | Hafa glampa-fríar filmur í boði fyrir þá sem þess óska. | Kerfisstjóri | 2022-2023 | Hvort allir sem þess óska fái filmur á skjái til að gera þá glampa-fría | |
| **Vinnuverndar-starf** | Reglubundið eftirlit með vinnuverndarþáttum. | Festa fundi í öryggisnefnd til að yfirfara punkta úr skoðunarferðum | Mannauðsstjóri | 2022<br>Lýkur ekki | Fjöldi funda haldnir á ári. | |

| Matsþáttur | Tækifæri til umbóta (hvað) | Tillögur skóla að umbótum (hvernig - innleiðing) | Hver vinnur/ Ábyrgðaraðili | Upphaf/ lok | Mat | Staða og lok verkefna |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | öryggistrúnaðarmanns og öryggisfulltrúa. Fundað amk. 1. að vori, oftar ef þarf. | | | Fundagerðir | |
| **Rafmagnssnúrur í kennslustofum** | Fjöltengi liggja yfir gólfi í einstaka kennslustofum vegna skorts á tenglum | Áætla umfang vandamálsins Finna lausn svo ekki skapist slysahætta af snúrum á gólfi. | Húsvörður Skólameistari | 2020-2023 | Lokið/ólokið | |
| **Þáttur 5 Lykilárangur** | | | | | | |
| **Mælanlega viðmið** | Setja mælanleg viðmið um framfarir og árangur nemenda í námi, birta tölfræði um árangur þeirra og meta hversu vel viðmiðum hafi verið náð. | Ákveða hvaða mælikvarðar skulu settir fram. Eiga samtal um hvaða viðmið skuli setja fram og framkvæma það. | Áfangastjóri Kennslustjóri fjarnáms Brautarstjórar | 2023-2024 | Birting á heimasíðu | |
| **Útskrift og brotthvarf** | Setja mælanleg viðmið um útskriftarhlutfall og brotthvarf frá námi og kanna reglulega hversu vel viðmiðum hafi verið náð. | Setja viðmið, mæla og halda matsfund árlega | Áfangastjóri Kennslustjóri fjarnáms Brautarstjórar | 2023-2024 | Birting á heimasíðu | |